



Atvinnuveganefnd Alþingis

Egilsstöðum 3. maí 2018

Umsögn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)

485. mál – frumvarp til laga um Ferðamálastofu

Samband sveitarfélaga á Austurlandi fagnar því að með frumvarpi til laga um Ferðamálastofu sé hlutverk Ferðamálastofu afmarkað og gert skýrara. Verkefni Ferðamálastofu hafa mörg hver verulega þýðingu fyrir sveitarfélögin. SSA telur þó að skerpa þurfi betur á og horfa til hlutverks markaðsstofa landshlutanna ásamt því að tryggja starfsgrundvöll þeirra. Við lestur frumvarpsins vaknar spurning um hvar markaðssetning landshlutanna eigi að fara fram. Staðreyndin er að markaðsstofurnar hafa talsvert hlutverk um allt land og mörg verkefni ferðaþjónustunnar á sinni könnu. Hlutverk þeirra er ekki síst mikilvægt í dreifingu ferðamanna um landið og markaðssetningu landshlutanna. Áriðandi er að með nýjum lögum verði ljóst hvert valdsvið markaðsstofanna er og tenging þeirra við Ferðamálastofu. SSA tekur undir 4. lið í athugasemdum Sambands íslenskra sveitarfélaga og leggur áherslu á að aðkoma ríkisins að fjármögnun markaðsstofa sé ekki nógu skýr á meðan hún fer í gegnum Ferðamálastofu sem ekki lítur á markaðsstarf sem sitt áhersluverkefni.

Fyrir hönd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi,
Sigrún Blöndal, formaður stjórnar.